

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 147 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 26. ágúst 2025 kl. 16:00 á skrifstofu félagsins að Básaskersbryggju.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Rannveig Ísfjörð, Björg Þórðardóttir, Sæunn Magnúsdóttir, Einar Gunnarsson og Ólafur Jóhann Borgþórsson, framkvæmdastjóri.

Á dagskrá fundarins voru þrír dagskrárliðir

1. Farþegatölur fyrir júlí 2025

Framkvæmdastjóri fór yfir farþegatölur júlí mánaðar ársins 2025. Farþegar voru 85.887, þar af voru 15,7% með lögheimili í Vestmannaeyjum. Bílar og ferðavagnar voru samtals 20.053, rútur 177, vagnar 588, bifhjól 81 og reiðhjól 237. Framkvæmdastjóri er þökkunarfær yfirferðin.

2. Rekstrartölur fyrir júlí 2025

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstrartölur júlímánaðar, honum er þökkunarfær yfirferðin.

3. Önnur mál

Reynsla af átta ferða áætlun rædd og kostnaður rýndur. Átta ferða áætlun gaf góða raun í sumar. Í ljósi þess er ákveðið að lengja tímabilið sumarið 2026. Átta ferða áætlun mun gilda frá 5. júní 2026 til og með 23. ágúst 2026.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 30. september n.k. kl. 16:00

Fundi slitið kl. 18:15

Fundargerð ritaði Sæunn Magnúsdóttir.